

**73. fundur Skólanefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn að Miðtúni 1,  
Tálknafirði, miðvikudaginn 9. janúar 2013 og hófst hann kl. 16:30.**

**Fundinn sátu:**

Birna Benediktsdóttir (BB) Aðalmaður, Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB) Formaður, Anna Kristín Hjálmarsdóttir (AKH) Aðalmaður, Hafdís Jónsdóttir Áheyrnarfulltrúi, Kolbrún Sigurðardóttir Áheyrnarfulltrúi og Margrét Pála Ólafsdóttir Embættismaður.

**Fundargerð ritaði:** Birna Benediktsdóttir,

**Dagskrá:**

**1. 0909096 - Upplýsingagjöf skólastjóra**

M.P.Ó. upplýsti að Hlín væri að fara í fæðingarorlof og Sigríður Ingibjörg Birgisdóttir kemur í hennar stað sem stærðfræðikennari. M.P.Ó. lagði fram til kynningar kennsluskrá Tálknafjarðarskóla fyrir vorönn 2013. Fréttabréf verða send til foreldra og voru þau þýdd yfir á annað tungumál fyrir þá foreldra sem þurftu þess með. Efni fréttabréfanna innihalda helstu upplýsingar af heimasíðu. Námsmat var ekki sent heim fyrir jól, en það verður sent út í næstu viku og verður hún eins og einkunnargjöfin á að vera samkvæmt fyrirmælum mennta og menningarmálaráðuneytisins.

**2. 1301008 - Skólanefnd breytinga á opnunartíma leikskóla.**

Niðurstaða hefur fengist milli Pórsbergs og leikskólans um opnunartíma hans og er hún sú að opna fyrr á morgnanna og loka fyrr. G.S.B. og B.S.B. eru sáttar með að niðurstaða hafi fengist í málum leikskólans og verður hún endurskoðuð reglulega, eftir því sem aðstæður kalla á.

**3. 1001015 - Önnur mál**

Engin önnur mál lágu fyrir.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30.**

---

---

---

---

---

---

---

---